

Fyrirspurn E 8/2024
Flytjandi Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs
Viðtakendur Ríkisstjórnir Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn um stjórnsýsluhindranir í tengslum við norræna félagsmálasáttmálann

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Fram hefur komið að þessar fjórar stjórnsýsluhindranir, sem hafa verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá 2014-2020, hafa ekki verið afgreiddar hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn hennar.

1. Flutningar einstaklinga sem búa á stofnunum

Samkvæmt ákvæðum Norðurlandasamnings um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu ber hlutaðeigandi stjórnvöldum að hafa með sér samstarf um að gera öldruðum og þeim sem dvelja á stofnunum kleift að flytja til þess lands sem þeir tengjast sterkustum böndum.

Hindrun sem Annette Lind, Danmörku, hefur sinnt sem forgangsmáli. Í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði frá árinu 2014.

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-104:

<https://www.norden.org/sv/border-database/flytt-institutionaliserade-personer>

2. Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk

Reglur einstakra landa um rétt til ferðapjónustu gera það kostnaðarsamt og flókið fyrir fatlað fólk að ferðast innan Norðurlanda. Vandinn stafar að hluta til af því að ákvarðanir um rétt til ferðapjónustu eru teknar í mismunandi stofnunum og á mismunandi stjórnsýslustigum í norrænu löndunum.

Hindrun sem Vibeke Hammer Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli. Í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði frá árinu 2017.

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-136:

<https://www.norden.org/sv/border-database/fardtjanst-funktionshindrade>

3. Persónulegur aðstoðarmaður við búferlaflutninga



Mjög hreyfihömluðu fólki með persónulegan aðstoðarmann getur reynst erfitt að halda aðstoðarmanninum í tengslum við búferlaflutninga. Rétturinn til aðstoðarmanns er metinn sérstaklega í hverju landi og ráðningarkjör persónulegra aðstoðarmanna eru ólík eftir löndum.

Hindrun sem Vibeke Hammer Madsen, Noregi, hefur sinnt sem forgangsmáli. Í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði frá árinu 2017.

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-124:

<https://www.norden.org/sv/border-database/personlig-assistent-vid-flytt>

4. Flutningar með ökutæki fyrir fólk með fötlun

Reglur um flutning ökutækja yfir landamæri fyrir fólk með fötlun, sem hjálpargagn eða ökutæki sem er keypt eða aðlagð með hjálp styrks, eru ólíkar í norrænu löndunum.

Hindrun sem Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, hefur sinnt sem forgangsmáli. Í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði frá árinu 2020. Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-102:

<https://www.norden.org/sv/border-database/flytt-med-fordon-personer-med-funktionsnedsattning>

Í svari til Stjórnsýsluhindranaráðsins um eftirfarandi fjórar stjórnsýsluhindranir er vísað til yfirstandandi úttektar á endurskoðun á Norræna sáttmálanum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu. Taka má fram að þessi úttekt hefur verið í gangi frá árinu 2015, þ.e. 8 ár.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessar stjórnsýsluhindranir verði afgreiddar sem afskrifaðar samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessum hindrunum við úttekt á endurskoðun norræna félagsmálasáttmálans frá árinu 2015?

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Per-Arne Håkansson (S)
Anna-Kristiina Mikkonen (sd)
Kim Berg (sd)
Truls Vasvik (A)
Ann-Sofie Alm (M)

Catarina Deremar (C)
Johan Dahl (sb)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Ola Elvestuen (V)
Sandra Listerby (Lib)



Heikki Autto (saml)
Johan Hultberg (M)
Maria Stockhaus (M)

Victoria Tiblom (SD)
Tor André Johnsson (FrP)